

**Nd.**

## **162. Frumvarp**

til merkjalaga.

Flutningsm.: Pórarinn Jónsson.

### 1. gr.

Skyldur er hver jarðeigandi að halda við glöggum merkjum fyrir jörð sinni, hvort sem hann býr á henni sjálfur eða eigi. Sama skylda hvílir á umsjónarmönnum þeirra jarða, sem ekki eru einstakra manna eign, að því er til slíkra jarða kemur.

Skyldir eru og eigendur eða umsjónarmenn hjáleigna og húsmannabýla og þurrabúða, utan kaupstaða og löggiltra verslunarstaða, er afskift land fylgir, að halda við merkjum fyrir landi sínu.

Sama gildir um afrjetti og aðrar óbygðar lendum, að því leyti sem því verður við komið, enda krefjist einhver sá, er land á til móts við afrjettinn eða lendumar, þess, að merki sjeu sett.

### 2. gr.

Þar sem eigi eru glögg landamerki, er náttúran hefir sett, svo sem fjöll, gil, ár eða lækir, en sjónhending ræður, skal setja merkisteina eða hlaða vörður á merkjum með hæfilegu millibili, svo merki sjeu auðsjen, eða og gera garð, girðingu eða skurð á merkjum. Eru báðir þeir, sem land eiga að merkjum, skyldir að leggja til jafnmikla vinnu til að gera merkin glögg.

### 3. gr.

Eigandi eða umráðamaður hverrar þeirrar eignar, sem skylt er að halda við merkjum fyrir eftir 1. gr., er skyldur að skrásetja nákvæma lýsingu á merkjum eignar sinnar eins og hann veit þau rjettust. Skal þar getið þeirra ítaka eða hlunninda, sem aðrir menn eiga í landi hans, svo og þeirra, sem eign hans á í annara manna löndum. Merkjalýsingu þessa skal hann sýna hverjum þeim, er land á til móts við hann, sem og eigendum lands þess, er hann telur eign sína eiga ítak í, og þeim, er hann telur eiga ítök í eign sinni, og skulu þeir rita á lýsingu samþykki sitt, hver fyrir sig, nema þeir vilji ekki samþykkja lýsingu hans.

Geta skal þess í merkjalýsingu hvort merki sjeu sett samkv. 2. gr., og á hvern hátt.

### 4. gr.

Merkjalýsing samkv. 3. grein skal afhent hreppstjóra í þeim hreppi, er eignin liggur í, innan loka maímánaðar 1920. Hreppstjóri rannsakar, hvort allir þeir, er eftir 3. gr. ber að sýna merkjalýsinguna, hafi ritað samþykki sitt á hana. Merkjalýsingar þær, sem samþykta eru af öllum, er hlut eiga að máli, sendir hreppstjóri sýslumanni, og þingles hann þær á næsta manntalsþingi. Þinglestur

slíkra merkjaskjala er ókeypis. Nú verður hreppstjóri þess var, að samþykki einhvers, er hlut á að máli, vantar á merkjalýsingu, eða að vanrækt hefir verið að senda merkjalýsingu fyrir einhverri eign, og tilkynni hann það þá sýslumanni.

5. gr.

Merkjadómur sker úr öllum ágreiningi um merkjalýsingar þær, er getur um í 3. gr.

6. gr.

Merkjadóm skipa sýslumaður og 4 meðdómsmenn, er sýslumaður útnefnir. Sýslumaður er formaður dómsins, stjórnar störfum hans og heldur þingbókina. Meðdómsmenn skulu vera valinkunnir, óvilhallir, lögráðir menn. Falli meðdómsmaður frá eða forfallist á annan hátt, skal sýslumaður nefna mann í hans stað.

7. gr.

Þegar sýslumaður hefir fengið skýrslu hreppstjóra um merkjalýsingar þær, er eigi hafa allir hlutaðeigendur samþykkt, skal hann stefna þeim, er greinir á um merkjalýsinguna, til að mæta fyrir merkjadómi. Málið skal rekið innan þeirrar þinghár, sem eignir þær, er ágreiningur er um, eru í, og ákveður sýslumaður þingstaðinn. Sjeu eignirnar sín í hvorri þinghá, ákveður sýslumaður í hvorri þeirra málið skuli rekið. Nú eru eignirnar eigi allar innan sama lögsagnarumdæmis, og skal þá málið rekið í því lögsagnarumdæmi, er sú eignanna er í, sem hæst er metin til dýrleika.

8. gr.

Í fyrsta þinghaldi málsins skal sýslumaður tilnefna meðdómsmenn, og úrskurðar hann um mótmæli, er fram kunna að koma gegn tilnefningu þeirra. Aðiljar skulu í fyrsta þinghaldi koma fram með skriflegar skýrslur um málfefnið og setja fram dómkröfur sínar. Sýslumaður má veita aðiljum fresti í málinu til að koma fram með sönnunargögn og kynna sjer málgögn hvers annars og færa fram varnir gegn þeim. Frestir allir skulu vera sem stýstir.

9. gr.

Þegar málflytningi er lokið, ákveður sýslumaður, nær ganga skuli á merki. Skal ganga á merki á þeim árstíma, þá jörð er auð, svo glögt megi sjá, hversu landi og landamerkjum hagar. Frestur skal jafnan settur svo langur til merkjagöngu, að merkjadómarar hafi nægan tíma til að kynna sjer málgögn þau, er komin eru fram af hálfu aðilja.

10. gr.

Á tilteknum tíma skulu málsaðiljar og dómendur ganga á merki. Skulu meðdómendur rita nöfn sín undir eiðspjall, áður þeir taki til starfa. Að því búnu skulu dómendur allir kynna sjer vandlega landsháttu og land það, er málsaðilja greinir á um. Að merkjagöngunni lokinni skal þegar í stað kveða upp dóm í málinu og setja glögg merki, sem hann ákveður.

11. gr.

Merkjadómi ræður afl atkvæða, og skal i honum nákvæmlega skýrt frá landamerkjum þeim, er sett eru. Dóminn skal þinglesa, og er hann fullnaðarúrslit þess máls. Þó má innan 12 mánaða áfrýja merkjadómi fyrir yfirdóm landsins til ónýtingar sökum þingsafglöpunar eða sökum lögleysu að efni til, og sje merkjadómur ónýttur fyrir þessar sakir, skal visa málinu heim aftur, og kveður yfirdómur á, hver eða hverjir greiða skuli kostnað af málsskotinu.

12. gr.

Dómendur skulu hafa 5 kr. hver fyrir hvern dag, sem þeir eru að merkjadómi, og ferðakostnað að auk. Skal ákveða þessa borgun i dóminum, svo og annan málskostnað og hver eða hverjir skuli greiða hann. Merkjadómi má fullnægja með aðför.

13. gr.

Búi eigandi fasteignar eigi sjálfur á eigninni, enda sje hann eigi heimilisfastur i lögsagnarumdæmi því, er eignin er i, skal leiguliði vera löglegur umboðsmaður hans i merkjamálinu, nema eigandi tilnefni annan umboðsmann innan lögsagnarumdæmisins.

14. gr.

Mæti málsaðili eigi sjálfur eða láti mæta af sinni hendi við þinghöld i merkjamáli, skal sýslumaður skipa honum talsmann, enda skal dómur ganga i málinu alt að einu. Talsmanni skal ákveðin þóknun i dóminum, og greiði sá þóknunina, er talsmaður er skipaður fyrir.

15. gr.

Skorist meðdómsmaður undan að ganga á merkjadóm eða mæti ekki á settum stað og stundu, enda sje undanfærsla hans og útivist ekki á gildum rökum byggð, skal hann sæta sektum, alt að 50 krónum, og greiða kostnað allan að skaðlausu, er leitt hefir af útivist hans.

16. gr.

Nú er merkjum breytt frá því, sem verið hefir, með samningi eða á annan hátt, og skal þá sá, er land hefir fengið við breytinguna, láta þinglesa gerning þann á manntalsþingi hinu næsta á eftir. Sýslumaður skal hafa löggilta merkjabók til að rita i allar merkjalýsingar, samninga og dóma um merki, sem á þingi eru lesnir.

17. gr.

Merkjamál, er rísa kunna eftir að lokið er hinni almennu merkjaskrásetningu, er fram á að fara eftir 4. gr. þessara laga, og eftir að mál þau eru útkljáð, er hún gefur tilefni til samkv. 7. gr., skal fara með eftir ákvæðum þessara laga. Þó skulu sýslumenn eigi annast höfðun slíkra mála, heldur aðiljar sjálfir, og varnarþing sje þá i þeirri þinghá, er eign varnaraðilja liggur i.

18. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin landamerkjälög nr. 5, 17. mars 1882, og lög nr. 31, 2. desember 1887, um breytingu á landamerkjälögum 17. mars 1882.

Greinargerð.

Það er öllum kunnugt, að víða á landi hjer eru landamerki milli jarða óglögg og með ágreiningi, meiri og minni þrætulönd, sem legið hafa áratugum saman óafgerð. Þetta hefir víða vakið deilur og ósamlyndi milli manna, þótt aðiljar hafi ekki viljað leggja út i kostnaðarsaman og vafasaman málarekstur. Það er því útlit fyrir, að svona verði enn lengi, ef það er ekki beint gert að lagaskyldu að fá hjer enda á. Frumvarp þetta flytur því þau nýmæli, að allir landamerkja og ítakaágreiningar verði afgerðir fyrir vissan tíma.

Jafnframt þessu eru ný ákvæði um það að gera málareksturinn umsvifaminni, óbrotnari og ódýrari. Má fullyrða það, að ef þessi tilgangur næst, er mikil bót ráðin á því, sem nú á sjer stað í þessu efni.

Enn má nefna það, hve mikla þýðingu þetta hefir fyrir rjett og ábyggilegt mat jarðanna i framtíðinni, og þar af leiðandi fyrir skattgildi þeirra.